

Fundur í Unglingalandsmótsnefnd 4. apríl 2019 kl. 17:30 í Heklu.

Mætt: Jóhanna Íris, Sigurður Óskar, Lárus Páll, Kristján Ebenezers, Ómar Bragi, Ásgrímur Ingólfs, Hafdís Hauks, Gunnhildur Gísla, Íris Heiður, Kristín Gyða, Matthildur Ásmundar og Ragnhildur sem skrifar fundargerð.

Jóhanna upplýsti að hún og Ómar séu búin að hitta alla sérgreinastjórana og fara yfir með þeim hverjum og einum, upplýsingar um viðkomandi grein, tímasetningar og annað. Í framhaldinu verða allar upplýsingar settar á heimasíðu UMFÍ - www.ulm.is. Opnað verður fyrir skráningu þann 1. júlí n.k.

Ákveðið senda út dreifibréf í öll hús á næstu dögum þar sem minnt er á landsmótið, óskað eftir sjálfbóðaliðum og auglýstur íbúafundur. Íbúafundurinn verður í Nýheimum þann 8. maí n.k. kl. 20:00 en þar verður farið yfir keppnisgreinar og hlutverk sjálfbóðaliða.

Búið er að funda með forsvarsmönnum Björgunarfélagsins og þann 8. maí verður farið yfir skipulag öryggisvörslu og vaktaplan. Þann dag verður einnig fundað með slökkviliði, lögreglu, björgunarfélaginu og sjúkraflutningamönnum.

Ómar Bragi fór yfir fjármögnunarleiðir og sérblað af Skinfaxa með auglýsingum, upplýsingum um mótið og um sveitarfélagið t.d. hvað hægt er að gera til afþreyingar, útivistarmöguleika, veitingastaði og aðra þjónustu. Ákveðið að blaðið komi út ekki síðar en 1. júlí.

Rætt var um að gera upphafspunkt og brautir í frisbígolfinu skýrt og augljóst og prenta út kort af brautinni. Síðan var áréttað að laga planka fyrir langstökkið, yfirbreiðslur yfir sandgryfjur og skipta um sand í strandblakvellina. Umræður urðu um stangirnar fyrir blaknetin, hvernig þær eru grunnaðar og hvernig best er að taka þær upp og ganga frá þeim aftur.

Lagt er til að sundlaugin verði opin landsmótshelgina frá kl. 07:00 – 22:00 en meðan keppni stendur yfir þá verður sundlauginni lokað og einungis opið fyrir aðgang í sturtur.

USÚ og Umf. Sindri sjá um alla veitingasölu á mótssvæðinu og fá allan ágóða af sölu. Komi fyrirspurn frá öðrum aðilum um veitingasölu þá er það svarið. Matarvögnunum verður t.d. ekki hleypt inn á mótssvæðið, þeir verða að vera með sína sölu þar sem þeir hafa fengið leyfi til að vera.

Farið var yfir atriði sem skemmtinefndin hefur rætt og það sem búið er að ákveða. RJ sendir Hafdísí nöfn fulltrúa Ungmennaráðs.

Ákveðið að RJ geri tékklista yfir þau verk sem svfl. á að standa skil á og hakað verði við það sem tilbúið er.

Ákveðið að halda næsta fund nefndarinnar kl. 19:00 í Heklu þantaðar verða pítsur og síðan farið á íbúafund.

Fundi slitið